

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Skaftárhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir um dýrahald hunda, katta og annarra gæludýra í Skaftárhreppi sem er á starfssvæði heilbrigðisnefndar Suðurlands og sætir þeim takmörkunum sem getið er í samþykkt þessari. Þéttbýli sem um ræðir í samþykkt þessari eru Kirkjubæjarklaustur og Efri-Vík.

2. gr.

Stjórnýsla.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með málefni dýrahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og hefur eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Sveitarfélagið fer með framkvæmd samþykktarinnar eins og nánar greinir í umboði heilbrigðisnefndar.

Sveitarfélagið skal ráða sérstaka dýraeftirlitsmenn eða fela starfsmönnum sveitarfélagsins það hlutverk. Dýraeftirlitsmenn sveitarfélagsins starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar og skulu starfa samkvæmt verklagsreglum nefndarinnar.

Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluyfirvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef hundur, köttur eða annað gæludýr er að mati eftirlitsmanns hættulegt umhverfi sínu, vörsluaðili dýrsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari eða þegar nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýr.

3. gr.

Dýravelferð og dýravernd.

Um almennan aðbúnað og velferð gæludýra sem og um ræktun, verslun, geymslu og leigu hunda, katta eða annarra gæludýra í atvinnuskyni gilda ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra.

Samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra, fer Matvælastofnun með eftirlit og framkvæmd þeirra laga.

II. KAFLI

Hundahald.

4. gr.

Skráningarskylda hunda.

Allir hundar eru skráningarskyldir á nafn og lögheimili lögráða eiganda eða umsjónarmanns í sveitarfélaginu. Viðkomandi einstaklingur er skráður eigandi eða umsjónarmaður hundsins og skal hundurinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt.

Skylt er að sækja um skráningu hunds til sveitarfélagsins innan tveggja vikna frá því að hundur er tekinn inn á heimili. Hvolpa skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Hundar sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu hundsins.

Dveljist hundur tímabundið í sveitarfélaginu skal skrá hann hjá sveitarfélaginu, en slík skráning skal þó ekki gilda lengur en í þrjá mánuði. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan tveggja vikna frá því að hundur kom inn í sveitarfélagið. Um gestkomandi hunda sem skráðir eru tímabundið sem og óskráða hunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Við skráningu hunds getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

5. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal berast í gegnum íbúagátt Skaftárhrepps á heimasíðu sveitarfélagsins og skulu eftirfarandi gögn lögð fram við skráningu hunds:

1. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hunds.
2. Mynd af hundinum.
3. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu hunds, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og 11. gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.
4. Fyrirbyggja skal sýkingar hjá mönnum af völdum bandorma og spóluorma í hundum og spóluorma í köttum, sbr. 42. gr. reglugerðar nr. 903/2024, um hollustuhætti. Liggja þarf fram vottorð frá dýralækni að dýrin hafi fengið tilfallandi meðferð.
5. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri eða munum sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, og skal leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúðareigenda í fjöleignarhúsi. Þetta skal gert áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi.

Skilyrði fyrir skráningu hunds er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins.

Eigandi hunds skal tilkynna sveitarfélaginu skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða hunds.

Óheimilt er að halda hund í húsnæði þar sem enginn er búsettur.

Sveitarstjórn getur ákveðið að óheimilt sé að halda hund í húsnæði sem sveitarfélagið á.

Sveitarfélaginu er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi hefur áður ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu hunds til heilbrigðisnefndar Suðurlands.

6. gr.

Bannaðar hundategundir.

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins samkvæmt ákvörðun ráðherra svo og blendinga af þeim, sbr. reglugerð nr. 935/2004, um innflutning gæludýra og hundasæðis. Ennfremur er bannað að halda blendinga af úlfum og hundum.

7. gr.

Skyldur eigenda og umráðamanna hunda.

Skráðum eiganda hunds ber að sjá til þess að umhirða hundsins sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Hundaeigendur skulu færa hunda sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og afhenda sveitarfélaginu staðfestingu á að ormahreinsun hafi farið fram, sé þess þörf. Sveitarfélagið upplýsir um hvenær árleg ormahreinsun fer fram og er hundaeigendum skylt að mæta á tilsettum tímum með hunda sína. Ef hundaeigandi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt á tilsettum tíma skal hann afhenda sveitarfélaginu staðfestingu frá dýralækni um að ormahreinsun hafi farið fram.

Hundaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem hundar þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um, sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Hundaeigendur skulu árlega greiða skráningargjald fyrir hunda sína samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ekki skal skilja hund eftir einan og eftirlitslausan að jafnaði lengur en átta klst. í senn nema í undantekningartilvikum. Aðeins er heimilt að tjóðra hunda utandyra í undantekningartilvikum og þá einungis undir eftirliti í stuttan tíma í senn, sbr. reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem eiga réttmætt erindi inn á lóðina geti óhindrað farið um lóðina.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn með ágreypstu skráningarnúmeri og símanúmeri eiganda.

Hundur skal aldrei ganga laus utan svæða sem eru þar til ætluð, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða vera í tryggu gerði innan lóðar. Ef hundur sleppur skulu umráðamenn þegar gera ráðstafanir til að handsama hann.

Utan þéttbýlis er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Sé hundur laus ber umsjónarmanni að tryggja að hann valdi ekki öðrum ónæði, skapi hættu eða óöryggi. Lausir hundar mega þó ekki vera á afréttarsvæðum þegar þau eru notuð sem slík.

Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu þeir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar.

Eiganda eða umráðamanni hunds er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

Eiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði, óöryggi eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt, t.d. með stöðugu eða ítrekuðu galti eða ýlfri.

Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni hundsins að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Hafi eigandi eða umráðamaður hunds vitneskju um eða ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal hann ávallt hafa hundinn mýldan utan heimilis.

Óheimilt er að koma með hunda, þó í taumi séu, í opinberar stofnanir, vatnsveitur, að vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, sbr. reglugerð nr. 903/2024 um neysluvatn, brunnum og sjóveitum eða á eftirfarandi staði, nema að fengnu tímabundnu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024, um hollustuhætti:

- a. Heilbrigðis- og meðferðarstofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og sjúkraþjálfun.
- b. Skóla og leikvelli.
- c. Fangelsi.
- d. Íþróttastöðvar, íþróttahús, baðstaði og heilsuræktarstöðvar.
- e. Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrstofur.
- f. Samkomustaði, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasali, söfn og kvikmyndahús.

- g. Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- h. Mötuneyti.
- i. Sumarbúðir fyrir börn.
- j. Almenningsamgöngutæki.

Heimilt er þó að fara með dýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og aðra starfsemi sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur, brennur eða flugeldasýningar.

Hundaeiganda ber að hlíta lögum og reglum sem varða hundahald sem og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

8. gr.

Lausaganga hunda.

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í dýrageymslu á vegum sveitarfélagsins. Lesið skal af einstaklingsmerkjum og þegar gerðar ráðstafanir til að hafa uppi á eignum hundanna.

Sé hundur ekki skráður í sveitarfélaginu eða öðrum sveitarfélögum er óheimilt að afhenda hann fyrr en hann hefur verið skráður í samræmi við 5. gr. Að aflokinni skráningu og gegn framvísun á staðfestingu greiðslu skráningar- og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins, getur eigandi hundsins fengið hann afhentan.

Sé skráður hundur handsamaður skal strax tilkynna eiganda það og upplýsa hann um hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Vitji eigandi hunds eigi innan sjö sólarhringa, frá því að honum er tilkynnt um handsömun getur heilbrigðisfulltrúi í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands látið aflífa hundinn án frekari fyrirvara eða ráðstafað honum til nýs ábyrgs eiganda. Finnist skráður eigandi ekki innan tveggja vikna frá handsömun, er hægt að ráðstafa hundi með þeim hætti sem gildir um hálfvillt dýr, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Áfallinn kostnaður greiðist af skráðum eiganda.

Hundur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Komi til handsömunar á slíkum hundi er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta, þegar liðnir eru tveir sólarhringar frá handsömun.

Sé hundur handsamaður sem ekki er skráður í sveitarfélaginu er óheimilt að afhenda hann fyrr en búið er að greiða handsömunargjald auk annars áfallins kostnaðar, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins. Skrá skal hundinn skv. 4. mgr. 4. gr. ef hann dvelur lengur en tvær vikur í sveitarfélaginu.

9. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflífun.

Hafi hundur bitið mann, skepnu eða gæludýr sem og ef hundur telst hættulegur, getur tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður. Leggi tjónþoli eða forráðamaður hans ekki fram kröfu um aflífun hunds getur heilbrigðisnefnd gert kröfu þar um að fenginni rökstuddri beiðni frá dýraeftirlitsmanni sveitarfélags. Rökstuðningnum þarf að fylgja áverkavottorð frá dýralækni ef hundur hefur ráðist á dýr eða lækni ef hundur hefur ráðist á mann.

Samþykki skráður eigandi hunds ekki aflífun skal heilbrigðisnefnd taka ákvörðun um hvort fallist verði á kröfuna. Óski hundaeigandi þess getur hann lagt fram álit sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfa sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþykkttri dýrageymslu. Eigandi getur þó sótt um til heilbrigðisnefndar að fá að hafa hundinn á heimili sínu meðan málið er í skoðun gegn skuldbindingu um að hafa hundinn ávallt mýldan þegar hann er utandyra.

Allur kostnaður vegna skapgerðarmats og vistunar hunds skal greiddur af eiganda.

Hafi hundur bitið tvisvar eða oftar eða valdið skaða, má aflífa hann án frekari viðvarana.

III. KAFLI

Kattahald.

10. gr.

Skráningarskylda katta.

Allir kettir í þéttbýli eru skráningarskyldir.

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

Skylt er að sækja um skráningu kattar í þéttbýli hjá sveitarfélaginu þar sem eigandi hans hefur lögheimili, innan tveggja vikna frá því að köttur er tekinn inn á heimili. Kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Kettir sem sótt er um skráningu fyrir skulu örmerktir af dýralækni samkvæmt reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og skal númer merkis skráð við skráningu kattar.

Ketti skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í sveitarfélaginu og skal kötturinn haldinn á heimili eigandans. Útgefið leyfi er óframseljanlegt.

Við skráningu kattar getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra heilbrigðiseftirlitssvæða telji það ástæðu til.

11. gr.

Gögn sem þarf að framvísa við skráningu.

Umsókn um leyfi til kattahalds skal berast í gegnum íbúagátt Skaftárhrepps á heimasíðu sveitarfélagsins og skulu eftirfarandi gögn lögð fram við skráningu kattar:

1. Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni kattar.
2. Mynd af kettinum.
3. Vottorð frá dýralækni um einstaklingsmerkingu kattar, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og 11. gr. reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra.
4. Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun kattarins, sbr. reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra.
5. Staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafyrirtæki um að umsækjandi hafi gilda ábyrgðartryggingu sem nær til alls þess tjóns sem kötturinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum, sé sveitarfélagið ekki með hóprzyggingu innifalda í skráningargjaldi.

Þegar sótt er um leyfi til að halda kött í fjöleignarhúsi gilda ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, og skal leggja fram samþykki tilskilins hluta íbúðareigenda í fjöleignarhúsi. Þetta skal gert áður en köttur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi.

Skilyrði fyrir skráningu kattar er að gögn skv. 1. mgr. hafi verið lögð fram af hálfu umsækjanda og skráningargjald greitt samkvæmt gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag hefur sett.

Skráðum eiganda kattar ber að tilkynna viðkomandi sveitarfélagi skriflega innan mánaðar um aðsetursskipti eða dauða kattar.

Sveitarstjórn getur ákveðið að í húsnaði í eigu sveitarfélagsins sé ekki heimilt að halda ketti.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um skráningu kattar ef umsækjandi hefur áður eða ítrekað gerst brotlegur við samþykkt um kattahald í sveitarfélaginu eða annars staðar.

Umsækjandi getur skotið synjun sveitarfélagsins um skráningu kattar til heilbrigðisnefndar Suðurlands.

12. gr.

Skýldur eigenda og umráðamanna katta.

Skráðum eiganda kattar ber að sjá til þess að umhirða kattarins sé í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

Kattaeigendur skulu færa ketti sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og skulu afhenda sveitarfélaginu staðfestingu um að ormahreinsun hafi farið fram. Sveitarfélagið upplýsir um hvenær árleg ormahreinsun fer fram og er kattaeigendum skylt að mæta á tilsettum tímum með

kettina sína. Ef kattaeigandi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt á tilsettum tíma skal hann afhenda sveitarfélaginu staðfestingu frá dýralækni um að ormahreinsun hafi farið fram.

Kattaeigendum er skylt að ábyrgðartryggja sig gegn tjóni sem kettir þeirra kunna að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum og skulu þeir árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingafélagi þar um, sé sveitarfélagið ekki með hóptryggingu innifalda í skráningargjaldi.

Eigendur katta skulu árlega greiða skráningargjald fyrir ketti þeirra samkvæmt gjaldskrá sem sveitarfélagið setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Auk einstaklingsmerkingar skulu kettir bera hálsól með upplýsingum um heimilisfang eiganda og símanúmer.

Læður séu gerðar ófrjóar séu þær notaðar í ræktun.

Eigendum og umráðamönnum katta ber, eftir því sem framast er unnt, að sjá svo um að kettir þeirra valdi ekki hávaða, ónæði, óþrifnaði eða óhollustu.

Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt.

Eigendum katta er skylt að koma í veg fyrir að kettir þeirra séu á flækingi utan dyra frá kl. 24.00 að nóttu til kl. 07.00 að morgni.

Kattaeigendum og umráðamönnum ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, m.a. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta eða takmarka útiveru þeirra.

Óheimilt er að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum, við vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur eða á öðrum þeim stöðum sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti, nema að fengnum tímabundu leyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa köttum inn í húsnaði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnaði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 903/2024 um neysluvatn.

13. gr.

Föngun katta.

Sveitarstjórn er heimilt að láta fanga ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

1. Ef köttur er ómerktur, hvort sem er án hálsólar og/eða varanlegs merkis.
2. Ef ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði.
3. Ef köttur finnst innandyra hjá nágranna í leyfisleysi, á öðrum óheimilum stað eða í fjöleignarhúsi þar sem á skortir tilskilið samþykki annarra íbúðareigenda, sbr. 11. gr.

Kettir sem fangaðir eru skulu færðir í dýrageymslu skv. 2. mgr. 16. gr. Merktum köttum sem ekki er kvartað yfir en lenda í búrum skal þó sleppa lausum og skráðum eigendum tilkynnt um handsömunina og ástæður hennar.

Ef merktir kettir eru teknir úr umferð skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. skal það tilkynnt skráðum eigendum. Komi ítrekað til handsömunar á merktum ketti vegna ónæðis telst það vera brot á samþykkt þessari. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða, sbr. ákvæði 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Köttur, sem hefur verið handsamaður ítrekað, skal færður í dýrageymslu og því aðeins afhentur eiganda að öll skilyrði fyrir kattahaldi skv. 11. gr. séu uppfyllt. Kattareigandi ber allan kostnað af handsömun, vörslu og fóðrun kattarins, sem og aflífunar hans ef til hennar kemur samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins. Köttur sem ekki er einstaklingsmerktur í samræmi við 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, telst vera hálfvillt dýr. Í þeim tilvikum sem hálfvilltir kettir eru handsamaðir er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa kettinum til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta eftir tvo sólarhringa frá handsömun.

Eigandi ómerkts kattar sem gefur sig fram skal því aðeins fá köttinn afhentan að hann hafi látið skrá köttinn, greitt skráningargjald vegna hans og uppfyllt öll skilyrði samþykktar þessarar fyrir leyfi til kattahalds. Skal eigandanum við greiðslu skráningargjalds afhent beiðni sem nýta má hjá dýralækni til greiðslu fyrir örmerkingu og hreinsun kattarins.

14. gr.

Aðgerðir gegn hálfvilltum köttum.

Meiriháttar föngun hálfvilltra katta í þéttbýliskjörnum skal auglýsa með a.m.k. viku fyrirvara og með tilmælum um að skráðum köttum sé haldið innan dyra.

Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa hálfvilltum ketti til nýs eiganda, selja hann gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

IV. KAFLI

Önnur gæludýr.

15. gr.

Gæludýr önnur en kettir og hundar.

Eigendum og umráðamönnum gæludýra annarra en hunda og katta er skylt að koma í veg fyrir að dýr þeirra sleppi úr haldi. Gerist það skal þegar gera ráðstafanir til að handsama dýrið.

Eigendur og umráðamenn gæludýra sem haldin eru utandyra, svo sem kanína eða annarra nagdýra, skulu sjá til þess að dýrin valdi ekki nágrönnum ama svo sem með hávaða eða óhreinindum. Skulu þeir tryggja að dýrin geti ekki nagað sig út úr búi eða aðhaldi.

Kanínur skulu einstaklingsmerktar skv. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Skyldur sveitarfélagsins.

Í kjölfar skráningar ber sveitarfélaginu að afhenda forráðamanni hunda og katta leyfisskírteini sem staðfestingu á að dýrið hafi verið skráð til heimilis í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið skal tryggja að til staðar sé dýrageymsla sem hefur tilskilin leyfi skv. 24. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra, til vörslu hunda og katta sem þarf að fanga vegna brota á samþykkt þessari.

17. gr.

Skyldur eftirlitsaðila.

Dýraeftirlitsmenn sveitarfélagsins skulu halda og uppfæra skrá yfir hunda og ketti í sveitarfélaginu. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar er varða skráða ketti og hunda og sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli, þ.m.t. hvenær dýr hafa verið ormahreinsuð og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af dýrunum og eigendum þeirra.

Heilbrigðisnefnd, Matvælastofnun, lögregla og eftir atvikum starfsmenn sveitarfélagsins skulu tilkynna dýraeftirlitsmönnum um kvartanir eða afskipti þeirra af hundum og köttum í sveitarfélaginu.

Dýraeftirlitsmaður leggur til við heilbrigðisnefnd að hunda- og kattaeigendur séu áminntir vegna brota á samþykktinni og heldur skrá um það.

18. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem sveitarfélagið setur skv. 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunda og katta og síðan árlega fyrirfram. Skráningargjaldi er ætlað að standa undir kostnaði sveitarfélagsins við hunda- og kattahald og framkvæmd samþykktar þessarar. Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldinu.

Í gjaldskrá skal kveðið á um handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar gæludýra sem tekin eru í vörslu á vegum sveitarfélagsins vegna brota á samþykkt þessari.

19. gr.

Þvingunarúrræði og afturköllun leyfa.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarfélaginu er heimilt að afturkalla skráningu hunda og katta ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum, greiðslu skráningargjalds sem og ef skráður eigandi hefur brotið gegn samþykkt þessari.

Einnig er heimilt að afturkalla allar skráningar telji sveitarfélagið það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggis. Jafnframt getur sveitarfélagið, telji það og héraðsdýralæknir brýna þörf á, bannað eða takmarkað hunda- og kattahald í dreifbýli.

Skráðir eigendur eða umráðamenn gæludýra sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessarar skulu jafnan sæta skriflegri áminningu af hálfu heilbrigðisnefndar og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta.

Ef skráður eigandi eða umráðamaður hunda og katta vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað eða alvarlega gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hunda- og kattahald getur heilbrigðisnefnd bannað viðkomandi að halda gæludýrið og látið fjarlægja dýrið.

Skráðum eiganda dýrs er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

20. gr.

Viðurlög og kærueimild.

Um viðurlög vegna brota á samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Um kærueimildir fer samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

21. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi var yfirfarin og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands á fundi hennar 22. september 2025 og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið